



Stjórn SSH 408. fundur

Mánudaginn 10. nóvember 2014 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmennsátu fundinn: Gunnar Einarsson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Haraldur Líndal Haraldsson og Guðný Ívarsdóttir.
Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015.

Fyrir lágu drög að samningi um sóknaráætlanir landshluta 2015

Framkvæmdastjóri fór yfir drögin, og gerði grein fyrir þeirri sérstöðu sem höfuðborgarsvæðið er í vegna þessa samnings, m.a. þar sem höfuðborgarsvæðið hefur ekki notið vaxtasamninga, menningarsamninga né framlaga til atvinnuþróunarfélaga eins og gildir um aðra landshluta. Sömuleiðis liggur fyrir að stærð höfuðborgarsvæðisins kallar á aðra nálgun við útfærslu sóknaráætlunar en gildir um aðra landshluta.

Jafnframt var upplýst um fund sem framkvæmdastjóri og stjórnfrformaður hafa átt með formanni stýrihóps sóknaráætlana um mögulega útfærslu á samningi fyrir höfuðborgarsvæðið m.t.t. sérstöðu svæðisins.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH telur að þar til fyrir liggur hvaða fjármunir verða til ráðstöfunar í fjárlögum ársins 2015 til gerðar sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins, sé ekki tímabært að taka afstöðu til samningsdraganna. Framkvæmdastjóra falið að fylgjast með framvindu máls.

2. Fjölgun fulltrúa í stjórnnum byggðasamlaganna.

Fyrir fundinum lá erindi Reykjavíkurborgar frá 10. október 2014, þar sem gerð er grein fyrir tillögu frá fundi borgarráðs frá 9. október um að minnihluti í borgarstjórn fái einn fulltrúa í stjórn Sorpu bs. og einn fulltrúa í stjórn Strætó bs.

Umræður

Niðurstaða:

Með breytingum á samþykktum SSH á aðalfundi 2011, þar sem stofnað var nýtt fulltrúaráð, sem og með ákvæðum í nýrri eigendastefnu fyrir byggðasamlögin hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja aðkomu minnhluta sveitarstjórna að umræðu um málefni byggðasamlaganna á sameiginlegum vettvangi SSH (fulltrúaráði) og byggðasamlaganna sjálfra. Ákveðið að kalla fulltrúaráð saman fljótlega á nýju ári.

3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – rekstrar- og framkvæmdaáætlun 2015.

Fyrir fundinum lá tillaga samstarfsnefndar skíðasvæðanna að rekstrar- og framkvæmdaáætlun skíðasvæðanna fyrir árið 2015. Samkvæmt grein 2.4. í samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna frá 6. janúar 2014 skal áætlunin lögð fyrir eigendavettvang skíðasvæðanna, sem skipaður er stjórnarmönnum SSH.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH samþykkir tillögu samstarfsnefndarinnar, en óskar jafnframt eftir sérstakri greinargerð um hækkunarpörf vegna gjaldskrár fyrir leigu á skíðabúnaði, í ljósi lækkunar á opinberum gjöldum á þennan búnað.

Jafnframt var framkvæmdastjóra falið í samstarfi við forstöðumann ÍTR að móta tillögu um næstu skref í undirbúningi að mótun framtíðarstefnu fyrir rekstur skíðasvæðanna sbr. ákvæði í grein 4.2. í samstarfssamningi um rekstur skíðasvæðanna frá 6. janúar 2014.

4. **Kjarasamningar við tónlistarskólakennara.**

Á fundinn mættu undir þessum lið Inga Rún Ólafsdóttir frá Kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Atli Atlason frá kjarasviði Reykjavíkurborgar og gerður grein fyrir stöðu í kjarasamningsviðræðum vegna yfirstandandi verkfalls tónlistarskólakennara.

5. **Byggðasamlögin, rekstrarúttektir.**

Eftirfarandi var samþykkt:

„Stjórn SSH leggur til við eigendavettvang og stjórnir byggðasamlaganna SORPU bs., Strætó bs. og SHS að að unnin verði útarleg greining á rekstri byggðasamlaganna þriggja í því skyni að leita allra leiða til að lækka kostnað sveitarfélaganna við rekstur byggðasamlaganna og ná fram allri þeirri hagræðingu í rekstri sem frekast er unnt.

Í þessu sambandi er m.a. vísað til greinar 4.2.1. í eigendasamþykktum fyrir SORPU bs. og Strætó bs. þar sem kveðið er á um að rekstur byggðasamlaganna skuli á hverjum tíma leitast við að lágmarka kostnað eigenda þeirra og samfélagsins við úrlausn þeirra verkefna sem þeim eru falin.

Verkefnið verði í höndum sérstaks stýrihóps sem í eigi sæti eftirtaldir aðilar:

*Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Ármann Kr. Ólafsson, bæjastjóri Kópavogs
Haraldur Líndal Haraldsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri Seltjarnarness
Bryndís Haraldsdóttir, stjórnarformaður Strætó bs.
Bjarni Torfi Álfþórsson, stjórnarformaður SORPU bs.*

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn geti kallað til utanaðkomandi ráðgjafa til vinnu vegna verkefnisins, og að kostnaður verði greiddur af byggðasamlögunum.

Stýrihópurinn skal skila niðurstöðum og markvissum tillögum um aðgerðir til eigendavettvangs og stjórna byggðasamlaganna eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar 2015

Framkvæmdastjóri SSH starfar með stýrihópnum og annast nauðsynlega umsýslu vegna vinnu hópsins. “

6. **„Borgarlína / léttlestir“ – hugmynd að kynnisferð.**

Fyrir fundinum lá tillaga að mögulegri skoðunar / kynnisferð vegna reksturs léttlesta.

7. **Erindi Minjaráðs – ósk um tilnefningu fulltrúa í minjaráð fyrir höfuðborgarsvæðið.**

Fyrir fundinum lá erindifrá Minjaráði þar sem óskað er eftir tilnefningu 2 fulltrúa SSH í minjaráð höfuðborgarsvæðið til fjögura ára.

Frestað

8. **Erindi frá velferðarráðuneyti – beiðni um tilnefningu.**

Fyrir lá erindi frá velferðarráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu 2 fulltrúa í ráðgjafanefnd heilbrigðisumdæmis höfuðborgarsvæðisins.

Samþykkt að tilnefna eftirfarandi:

Heiða Björg Hilmisdóttir
Haraldur Sverrisson

9. Önnur mál:

a) **Málefni utangarðsfólks**

Fyrir lá erindi formanns samráðshóps félagsmálastjóra um málefni fatlaðs fólks dags. 23. október 2014.

b) **„Slysaárið“ – beiðni um fjárstyrk v. reksturs**

Stjórn SSH hefur ekki forsendur til að leggja til rekstrarstyrk.

c) **Gas- og jarðgerðarstöð SORPU bs.**

Árman Kr. Ólafsson vakti máls á framkvæmdaáætlun SORPU bs. v. gas- og jarðgerðarstöðvar þar sem fram koma áætlanir um brennslustöð á síðari stigum máls.

- Samþykkt að kalla eftir yfirferð stýrihóps v. gas- og jarðgerðar sem fyrst vegna þessa, sem og almennrar yfirferðar fyrir stöðu verkefnisins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:35